| Nr.: GAT-045 | Verkmenntaskólinn á Akureyri |
|---|---|
| Útgáfa: 08 | |
| Dags.: 30.08 2011 | |
| Höfundur: HRS | Áfangaheiti BAF 602 |
| Samþykkt:SHJ | Kennsluáætlun vorönn 2013 |
| Síða 1 af 1 | |

| Kennari | Bragi Finnbogason | Sk.st. | BFI |
|---|---|---|---|

## Áfangalýsing:
Farið er yfir gerð og virkni sjálfvirkra gírkassa og íhluta þeirra. Fjallað er um reglubundið viðhald, ástandsskoðun og prófanir og mat á ástandi íhluta. Þá er fjallað um hættur þegar unnið er undir ökutæki, meðhöndlun þungra hluta og skaðsemi olíu. Sérstök áhersla er lögð á hreinlæti og nákvæmni í vinnu við vökvakerfi.

## Markmið:
Nemandi þekki: Drifbúnað ýmissa bifreiða með sjálfvirkan gírkassa, ferli afls frá vökvagír til hjól og íhluti í sjálfvirkum gírkössum og hlutverk þeirra. Uppbyggingu tengsla í sjálfvirkum gírkassa, olíur sem notaðar eru á sjálfvirka gírkassa og mikilvægi notkunar réttrar olíu. Nemandi þekki virkni og hlutverk þrýstiventla, stjórn- og skiptiventla.
Nemandi geti: Lýst virkni algengra sjálfvirkra gírkassa, sinnt reglubundnu viðhaldi og gert viðeigandi prófanir á sjálfvirkum gírkössum. Lýst plánetugírasamstæðu, reiknað gírhlutföll, lýst virkni ventlahúss, lýst mikilvægi olíuskipta og reglulegrar þjónustu sjálfvirkra gírkassa. Tekið sjálfvirkan gírkassa úr bifreið og sett í aftur, tekið í sundur og sett saman sjálfvirkan gírkassa.

## Námsgögn:
Modern AutomotiveTechnology 1. Útg. 2006.
Tækni upplýsingar framleiðenda yfir þær sjálfskiptingar og bíla sem notaðir eru við kennsluna.

## Áætlun um yfirferð:
Nemendum kynnt námsefni lotunnar sem er að læra um gerð og virkni sjálfvirkra gírkassa, heiti á íhlutum og meta ástand og virkni þeirra. Nemendur taka sundur sjálfvirkan gírkassa og setja hann saman, þeir vinna fjögur tímaverkefni, og lokapróf.

## Námsmat og vægi námsþátta:
Próf 40%. Verkefni 40%. Ástundun 20%.

## Annað:
Einkunn fyrir liðinn ástundun byggist þannig upp hafi nemandi minni viðveru en 90% er hámarks einkunn 5 ef nemandi hefur 79% viðveru eða minna er einkunnin 0. Ef nemandi hefur 100% viðveru en sýnir lítin áhuga á þeim verkefnum sem unnið er að eða vinnur þau ekki að mati kennara lækkar þessi einkunn og getur einnig end að í 0. Sé um veikindi að ræða gilda almennar reglur skólans.

**Dagsetning:** 04/01/2013

Bragi Finnbogason
**Undirritun kennara**

Hvaldur Vilhjálmsson
**Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils**